

Mál nr. 248/2006

**M
og**

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðarliðs heimilistryggingar.

Ágreiningur um ábyrgð vegna skemmda á parketi á heimili málskotsaðila þann 28.10.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 21.11.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.12.2006.

Málsatvik.

A, dóttir vátryggingartaka hjá Vátryggingafélaginu X, var í heimsókn á heimili málskotsaðila M. Nýlagt parket var í stofu á heimilinu. Í málskoti segir að A hafi skipt um skó, er hún kom inn á heimilið, og farið í hælaskó. Daginn eftir, þegar bjart var orðið, komu í ljós 2-3 mm djúp göt í parketinu eftir A. Þegar A skoðaði skóna voru naglar sem komu niður úr hælnum. Hér hafi verið um að ræða algjört óviljaverk og gáleysi af hálfu A.

Í ódagsettu bréfi X til vátryggingartaka er vitnað í tjónstilkynningu vátryggingartaka um atvikið. Í tilkynningunni mun hafa komið fram að A hafi ekki tekið eftir því að hlíf hafi fallið af hæl skós fyrr en heim var komið.

M hefur krafið X um bætur úr ábyrgðarlið heimilistryggingar foreldra A vegna skemmda sem urðu á parketinu. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu hefur ekki verið sýnt fram á að A hafi valdið tjóninu með háttsemi sem verður virt henni til sakar. Af þeim sökum ber A ekki skaðabótaábyrgð á tjóninu gagnvart M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðarlið heimilistryggingarinnar.

Niðurstaða.

Tjón á parketi á heimili M bætist ekki.

Reykjavík, 15. desember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.